

„Vegna ályktunar meirihluta stjórnar VR sem birt er á heimasíðu félagsins 29. Janúar, viljum við undirrituð stjórnarmenn koma eftirfarandi á framfæri.

Við höfum frá upphafi stjórnarsetu okkar í VR barist fyrir því að fá aðgang að upplýsingum um fjárreiður félagsins og gert fyrirspurnir og krafist útskýringa á því sem okkur hefur þótt óljóst í þeim efnum. Við þessu hefur meirihlutinn brugðist með því að torvela aðgang okkar að nauðsynlegum bókhaldsgögnum og upplýsingum og svipt miklum leyndarhjúp yfir meðferð fjármuna félagsins. Við höfum barist fyrir því að fá að rækja skyldur okkar sem stjórnarmenn, en við teljum að á stjórnarmönnum hvíli m.a. skír skylda til að setja sig inn í meðferð fjármuna félaga, enda bera þeir persónulega ábyrgð á slíku gagnvart öllum félagsmönnum.

Hefur þessi deila gengið svo langt, að meirihluti stjórnarinnar hefur vikið Bjarka Steingrímssyni úr varaformannsstóli vegna ósættis um þessar sanngjörnu og eðlilegu kröfur okkar. Öll störf okkar innan stjórnar VR hafa miðað að því að gera rekstur félagsins opinn hinum almennu félagsmönnum og tryggja hagsmuni þeirra sem best með heiðarlegri og opinni upplýsingagjöf.

Þá viljum við áréttu að við erum ekki félagsmenn í félaginu Nýju Íslandi eins og ýjað er að í tilkynningunni. Við höfum hins vegar þegið boð félagsins um að koma á framfæri sjónarmiðum okkar á opnum fundum félagsins á Austurvelli, þar sem m.a. hefur verið barist fyrir opnari og gangsærri stjórnsýslu og upprætingu spillingar. Við kunnum ekki skýringu á því hvers vegna meirihluti stjórnar VR lætur frá sér þá yfirlýsingu um Nýtt Ísland sem fram kemur á vef félagsins, en látum þeim aðilum sem mynda núverandi meirihluta eftir að skýra það á opinberum vettvangi.

Hins vegar liggur fyrir að einn af forvígismönnum Nýs Íslands er Lúðvík Lúðvíksson, sem sóttist eftir kjöri til formanns í VR við síðasta stjórnarkjör. E.t.v. er slíkt nægjanlegt til að ávinna sér ævarandi óvild meirihluta stjórnar VR, en ef svo er, er eitthvað stórkostlegt að í félagi sem byggir á lýðræðislegu stjórnarfari og hefur „Virðingu“ og „Réttlæti“ að einkunnar orðum sínum.

Við munum hér eftir, sem og hingað til, berjast af alefli gegn spillingu og leyndarhyggju í störfum okkar sem stjórnarmenn í VR. Félagsmenn og fólkíð í landinu á rétt á heiðarlegum og upplýstum stjórnarháttum, sérstaklega á þeim fordæmalausum tímum sem nú eru uppi í samfélaginu.“

Virðingarfullt,

Bjarki Steingrímsson fyrrverandi varaformaður
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson